

Evrópa í heimi óreiðu og stórveldaátaka, og ófriðurinn sem ekki átti að geta orðið.

stHilmar Þór Hilmarsson prófessor við Háskólann á Akureyri ræddi Pétur Gunnlaugsson í Heimsmálum á Útvarpi Sögu um stöðuna í Evrópu og hvernig samkeppnina milli stórveldanna hefur skaðleg áhrif á álfuna, þar á meðal í Úkraínu. Fram kom í viðtalinu að átök geta líka brotist út á fleiri stöðum í Evrópu á meðan á Úkraínustríðinu stendur eða eftir að því líkur. Sé Úkraína að tapa stríðinu hafa stjórnvöld þar sterka hvata til að reyna að draga NATO beit inní stríðið. Þá er komið stórveldastríð með vaxandi líkum á notkun kjarnorkuvopna.

Stríðið í Úkraínu

Úkraínustríðið hefur nú staðið yfir í meira en tvö ár ef miðað er við innrás Rússneska hersins inní Úkraínu 24. febrúar 2022, en í rúm 10 ár ef miðað er við yfirtöku Rússlands á Krímskaganum árið 2014. Átök halda áfram og óvissa er um stríðslok. Þó hefur Rússneski herinn verið að sækja inní Úkraínu af meiri krafti undanfarið á meðan vesturlönd hafa aukið hernaðarstuðning sinn við Úkraínu og leggja nú allt undir til að „siga“ Rússland í þessu stríði. Á síðustu dögum hefur Rússneski herinn opnað nýja sóknarlínu í norðaustur hluta Úkraínu og stefnir á áttina að Kharkiv nærstærstu borg Úkraínu.

Sumir vestrænir leiðtogar virðast telja raunhæft að sigra kjarnorkuveldi á vígvellinum. Leiðtogar landa eins og t.d. Frakklands og Eystrasaltsríkjanna tala um að senda hermenn inní Úkraínu. Þetta eru allt NATO ríki og stórveldastríð myndi fljótlega fylgja í kjölfarið.

Úkraína á orðið í miklum vandræðum með að manna her sinn og hefur leitað á náðir annarra ríkja um að þau stuðli að því að Úkraínnumenn á herskyldualdri snúi til baka og skrái sig til herþjónustu. Úkraínnumenn eru nú líka í vandræðum með að fá vegabréf sín endurnýjuð nema að þeir skrái sig í herinn. Auk þess hefur verið nefnt að nota fanga á vígvellinum. Með því að lengja víglínuna og sækja að norðausturhluta Úkraínu verður staða Úkraínu enn verri en áður þar sem hermenn, sem eru of fáir fyrir, þurfa nú að dreifa sér á enn lengri víglínu.

Eitt af því sem vesturlönd geta lært af Úkraínustríðinu er að magn skotfæra er ekki síður mikilvægt en gæði. Rússar framleiða mikið magn að ódýrum skotfærum en vesturlönd oft dýrari vopn sem eru oft tæknilega fullkomnari. Fullkomnari vopn kalla á meiri þjálfun en vegna manneklu er Úkraína að senda lítt þjálfaða hermenn á vígvöllinn sem oft haf litla þekkingu á nýjum vopnum frá vesturlöndum. Skotfæraskortur er að verða alvarlegur í Úkraínu.

Rússland vill ekki NATO við landamæri sín ekki bara vegna svokallaðs „Article 5 guarantee“ heldur vegna þeirrar hernaðaruppbyggingar sem oft fylgir í kjölfarið. Það er alls ekki útilokað að fleiri styrjaldir brjótist út í Evrópu á næstunni. Þar munu stjórnvöld í Evrópu áfram, eins og nú, verða í aukahlutverki. Stórveldi í austri og vestri munu, eins og nú, ráða mestu um þá för.

Ófriðurinn sem átti ekki að geta orðið

Stofnun Evrópusambandsins og svo NATO áttu a tryggja frið í Evrópu. Eftir fall Sovétríkjanna 1991 hefur ESB ríkjum fjölgað um 13 ríki og eru þau nú 27, sjá Töflu 1. NATO ríkjum hefur fjölgað um 16 ríki og eru þau nú 32, sjá Töflu 2.

Tafla 1. ESB ríkin eru nú 27. 13 lönd bæst við ESB síðan Sovétríkin féllu 1991 og 9 lönd til viðbótar eru nú umsóknarríki (e. candidate countries).
2004 Eistland, Lettland, Litáen, Kýpur, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland 2007 Búlgaríja og Rúmenía 2013 Króatía
Núverandi umsóknarríki ESB: Albanía, Bosnía og Hersegóvína, Georgia, Moldóva, Svartfjallaland, Norður Makedónía, Serbía, Túrkiye og Úkraína.
Heimild: Evrópusambandið 2024

Tafla 2. NATO ríkin eru nú 32. 16 lönd bæst við NATO síðan Sovétríkin féllu og 3 í viðbót sækjast eftir aðild.
1999 Pólland, Tékkland og Ungverjaland 2004 Búlgaríja, Eistland, Lettland, Litáen, Rúmenía, Slóvakía og Slóvenía 2009 Albanía og Króatía 2017 Svartfjallaland 2020 Norður Makedónía 2023 Finnland 2024 Svíþjóð
Lönd sem sækjast eftir aðild að NATO: Bosnía og Hersegóvína, Georgia og Úkraína.
Heimild: NATO 2024

Vonir stóðu til að hægt yrði að tryggja frið í Evrópu með útbreiðslu lýðræðis, aðild Evrópuríkja að sameiginlegum stofnununum, og með því að gera löndin háð hvert öðru t.d. með sameiginlegum markaði og sama gjaldmiðli. Þær vonir hafa brugðist.

Aðild Rússlands að þessum stofnunum virðist aldrei hafa verið skoðuð í neinni alvöru þannig að öll Evrópa gætu setið við sama borð og öll Evrópulönd gætu verið hlut að sama kerfi í öryggismálum. Samt búa lang flestir íbúar Rússlands í Evrópuhluta landsins. Það er ekkert náttúrulegt að Vesturlönd og Rússland séu óvinir. Í seinni heimstyrjöldinni voru t.d. Bandaríkin og Sovétríkin bandamenn og lögðu Þýskaland nasismans af velli.

Nú stendur Evrópa frammi fyrir stærstu styrjöld á sinni grund frá seinni heimstyrjöldinni. Að þessu sinni er Úkraína vígvöllurinn. Hætta er á að styrjöldin stigmagnist og leiði til átaka víðar í Evrópu.

Þó ólíklegt sé að margir hermenn NATO ríkja séu á vígvellinum í Úkraínu nú nema sem ráðgjafar, má segja að nú sé beint stríð skolið á milli Rússlands og NATO, sem líklegt er að muni stigmagnast enn frekar á næstu mánuðum. Stórveldastríð er ekki fjarri okkur í tíma. Vesturlönd eru svo djúpt sokkin í þessi átök að það er engin augljós undankomuleið.

Meir að segja herlaust land eins og Ísland kaupir skotvopn til að skjóta Rússneska hermenn. Sendiráðinu Íslands í Moskvu hefur verið lokað. Íslenskir ráðamenn tala eins og hershöfðingjar. Eru þeir tilbúnir að senda íslenska drengi á vígvöllinn ef öll NATO ríki þurfa að taka upp herskyldu? Erum við tilbúnir að skera niður framlög okkar til heilbrigðis- og menntamála til að kaupa vopn fyrir 80 til 90 milljarða króna á ári (ca. 2% af vergri landsframleiðslu).

Verður Úkraínustríðið kjarnorkustríð?

Ólíklegt er að stríðinu ljúki með fullnaðarsigri Úkraínu í þeim skilningi að landið ná til sín öllu því svæði sem það réði yfir 1991 þegar Úkraína varð sjálfstætt ríki eftir fall Sovétríkjanna. Væri Úkraínu að takast að hrekja Rússneska herinn að þessum landamærum og Rússland að tapa stríðinu myndu líkurnar á notkun kjarnorkuvopna Rússa í vestur hluta Úkraínu aukast. Úkraína er ekki aðildarríki í NATO og ólíklegt er að þau NATO ríki sem hafa kjarnorkuvopn myndu svara kjarnorkuárás á Úkraínu með kjarnorkuárás á Rússland enda væri þá hætt á allsherjar kjarnorkustríði. Þetta vita Rússar.

David Cameron utanríkisráðherra Bretlands hefur látið eftir sér hafa að það sé undir Úkraínu komið að ákveða hvernig breskum vopnum skuli beitt, jafnvel megi nota þau á skotmörk inni Rússlandi. Þetta, ásamt tali Emmanuel Macron forseta Frakklands um að send NATO hermenn inni Úkraínu eykur líkurnar á beinu stórveldastríði og kjarnorkustríði. Ef Zelensky forseti Úkraínu telur að hann sé að tapa stríðinu við Rússa mun hann hafa sterka hvata til að gera allt sem hann getur til að draga NATO beint inni stríðið. Evrópuleiðtogar hafa sýnt af sér gáleysi með tali sínu sem getur orðið hættulegt Evrópu og reyndar öllum heiminum.

Úkraína er ekki á leið í ESB og NATO á næstunni.

Ólíklegt verður að teljast að Rússneski herinn taki alla Úkraínu, með hefðbundnum vopnum, sértaklega vesturhlutanum þar sem Úkraínumenn eru fjölmennir og færri Rússar en í austurhlutanum. Á einhverjum tímapunkti er líklegt að stríðinu ljúki með svokölluðum „frozen conflict“ sem er ástand þar sem virkum vopnuðum átökum hefur verið hætt, en enginn friðarsáttmáli gerður sem báðir aðilar sætta sig við. Átök gætu því brotist út aftur hvenær sem er. Við þessar aðstæður þar sem landamæri Úkraínu væru óviss kæmi ESB og NATO aðild landsins ekki til greina.

Zelensky virðist telja raunhæft að Úkraína fái hraðmeðferð við inngöngu í ESB og NATO. Fyrir þetta virðist hann telja að réttlætanlegt sé að færa miklar fórnir þótt aðild að þessum stofnunum sé víðs fjarri í fyrirsjáanlegri framtíð. Fórnirnar eru færðar á röngum forsetum. Manntjón og eignatjón er gífurlegt auk þess sem stórir hlutar af Úkraínu eru innlimaðir í Rússland. Ábatinn að stríði loknu er hins vega alls óviss. ESB og sértaklega NATO aðild óviss og vesturlönd hafa takmakaða getur að leggja fram fé til uppbyggingar Úkraínu að stríði loknu. Einkanaðilar forðast venjulega að fjárfesta á óvissusvæðum þar sem pólitísk áhætta er mikil.

Það lítur heldur ekki sérstaklega friðsamlega út í Evrópu jafnvel þó átökum í Úkraínu lyki með „frozen conflict.“ En hver væru líkleg átakasvæði? Auðvitað fer það eftir því hvar Úkraínustríðið endar í „frozen conflict.“ Líkleg spennusvæði í náninni framtíð gætu verið (i) Svartahafið, (ii) Moldóva, (iii) Hvíta-Rússland (Belarus), (vi) Eystrasalt og Eystrasaltsríkin og loks (v) Norðurslóðir.

1. Svartahafið

Úkraínustríðið snýst að verulegu leyti um yfirráð yfir Svartahafinu. Að Svartahafinu liggja Búlgaría, Georgía, Rúmenía, Rússland, Túrkiye og Úkraína. Búlgaría, Rúmenía og Túrkiye eru aðilar að NATO og á NATO fundinum fræga í Búkarest í apríl 2008 var talað um að Georgía og Úkraínu færu líka í NATO. Þá hefði Rússland orðið eina landið við Svartahafið sem ekki er í NATO.

Það þarf ekki mikið ímyndunarafl til að sjá að Rússlandi, sem ekki lítur á NATO sem varnarbandalag, teldi þetta ógn við síða stöðu við Svartahafið, og sitt þjóðaröryggi.

Siglingaleiðir um Svartahafið eru líka mikilvægar fyrir Rússland frá efnahagslegu sjónarmiði. Viðbrögð Rússneskara stjórnvalda urðu því hörð. Innrás í Georgíu í ágúst 2008 og svo stríðið í Úkraínu sem enn stendur yfir. Svartahafið getur orðið vettvangur átaka áfram jafnvel þó stríðinu ljúki með „frozen conflict“ á landi í Úkraínu.

2. Moldóva

Moldóva er ásamt Úkraínu umsóknarland að Evrópusambandinu (e. EU candidate country). Stjórnvöld halda áfram að styrkja samstarf sitt við NATO þó landið sé ekki aðildarríki.

Nái Rússar hafnarborinni Odessa í Úkraínu mun Moldóva verða í viðkvæmri stöðu. Eftir hrun Sovétríkjanna lýsti Transnistría, sem er í austurhluta Moldóvu, yfir sjálfstæði en alþjóðlega er Transnistría viðurkennd sem hluti af Moldóvu. Ljóst er að Rússland, sem hefur herlið í Transnistríu, mun ekki fanga ESB aðild Moldóvu verði af henni, enn síður NATO aðild.

Rúmenía á Austurlandamæri við Moldóvu og Úkraína vesturlandamæri. Mjög er stutt er frá hafnarborginni Odessa í Úkraínu til Moldóvu. Þetta er því viðkvæmt svæði í Evrópu og þarna gætu orðið átök. Nái Rússneski herinn Odessa verður Úkraína landlukt land sem myndi hafa alvarlegar efnahagsafleiðingar fyrir Úkraínu.

3. Hvíta-Rússland

Hvíta-Rússland hefur verið bandamaður Rússa í Úkraínustríðinu. Náin samvinna hefur verið með Aleksandr Lukashenko forseta Hvíta-Rússlands og Vladimir Pútín forseta Rússlands.

Verði pólitískur óstöðugleiki innan Hvíta-Rússlands skapast óvissa innan Evrópu sem getur leitt til átaka. Pólland, Litáen og Lettland, allt NATO ríki eiga, austurlandamæri við Hvíta-Rússland og Úkraína á norðurlandamæri við landið. Samskipti ESB og NATO við Hvíta-Rússland sem lengi hafa verið mjög stíð eru nú nánast engin eftir að Úkraínustríðið hófst. Hvíta-Rússland er í viðskiptabanni hjá vesturlöndum og landið á engan kost annan en auka og styrkja tengsl sín við Rússland. Þetta styrkir stöðu Rússlands.

4. Eystrasalt og Eystrasaltsríkin

Danmörk, Finnland, Svíþjóð, Eistland, Lettland, Litáen, Pólland, Þýskaland og loks Rússland liggja að Eystrasaltinu. Af þessum níu löndum eru öll NATO ríki nema Rússland. Rússland hefur aðgang að Eystrasalti við St. Pétursborg, milli Finnlands og Eistlands og svo við Kaliningrad, sem er hluti af Rússlandi á milli Litáen og Póllands.

Um 24 prósent íbúa í Eistlandi og Lettlandi eru að Rússnesku bergi brotnir (e. ethnic Russians) en aðeins tæplega 5 prósent Litáa. Nái Rússland í samvinnu við Hvíta-Rússland að loka svokölluðu Suwałki Gap sem er 65 km langt á milli Kaliningrad (sem er hluti af Rússlandi) og Póllands, yrðu Eystrasaltsríkin einangruð á landi frá öðrum NATO ríkjum. Þetta er eitt viðkvæmasta svæðið í Evrópu fyrir varnir NATO ríkja. Eistaland og Lettland hafa löng austurlandamæri við Rússland en Litáen suðurlandamæri við Kaliningrad. Lettland og Litáen hafa svo austurlandamæri við Hvíta-Rússland.

Stór hluti íbúa í austurhluta Eistlands og Lettlands eru að Rússnesku bergi brotnir og tala - Rússnesku. Borgin Narva stendur við landamæri Eistlands og Rússlands, og tilheyrir Eistlandi. Mikill meirihluti íbúa Narva eru Rússar og í borgum eins Daugavpils í austurhluta Lettlands eru Rússar líka fjölmennir og rússneska mest töluð.

Vilji Rússland láta reyna á svokallað „Article 5 Guarantee“ NATO eru Eistaland og Lettland í viðkvæmri stöðu vegna smæðar sinnar og legu auk þess sem viðvera NATO hermanna er ekki mikil. Skemmst er að minnast orða Newt Gingrich fyrrum forseta fulltrúadeildar Bandaríkjaþings sem eitt sinn sagði "Eistaland er í úthverfi Sankti Pétursborgar.....Ég er ekki viss um að ég myndi hætta á kjarnorkustríði um einhvern stað sem er úthverfi Sankti Pétursborgar.“ Staða Litáen sem á landamæri við Kaliningrad er líka viðkvæm.

5. Norðurslóðir

Mikilvægi Norðurslóða fer vaxandi m.a. vegna loftslagsbreytinga. Siglingaleiðir eru að opnast og miklar auðlindir sem áður voru óaðgengilegar verða nú nýtanlegar. Í Norðurskautsráðinu eru átta ríki: Bandaríkin, Finnland, Ísland, Kanada, Danmörk, Noregur, Rússland og Svíþjóð.

Öll ríkin eru nú NATO ríki nema Rússland. Þetta er ein ástæða þess að samvinna Rússlands og Kína er orðin nán á þessu svæði og Kína skilgreinir sig nú sem “Near-Arctic State.” Það má ímynda sér að best væri fyrir Rússland að sitja sem mest eitt að auðlindum sínum á þessum slóðum en þegar þarna eru sjö NATO ríki er skiljanlegt að Rússland leiti bandamanna á þessu svæði.

Kína sem er útflutningsdrifið hagkerfi þarf siglingaleiðir og hefur augljósa hagsmuni að vinna með Rússlandi á norðurslóðum. Vegna Úkraínustríðsins hafa utanríkisviðskipti milli Rússlands og Kína vaxið mikið og Kína þarf á auðlindum Rússlands að halda, og siglingaleiðum. Samvinna Kína og Rússlands hefur styrkt stöðu Kína mikið í stórveldasamkeppninni við Bandaríkin.

Óreiðan og átökin í Evrópu

Það er ljóst að Evrópa á við vanda að stríða og er nánast leiðtogalaus. Forsetakosningar eru í Bandaríkjunum í nóvember 2024 og nýr forseti tekur svo við í upphafi árs 2025. Úkraínustríðið hefur dregist á langinn og áframhaldandi stuðningur Bandaríkjaanna við NATO er óviss. Donald Trump hvetur Rússland að ráðast á NATO ríki sem ekki leggja að minnsta kosti 2 prósent af vergri landsframleiðslu til varnarmála.

Á sama tíma á ESB og evrusvæðið við efnahagsvanda að stríða, Þýska hagkerfið er t.d. í lamasessi. Opinberar skuldir komnar úr böndunum í Frakklandi og Ítalíu. Bretland horfið af korti ESB og á eitt og sér við vanda að stríða. Það er ekki mikið pláss fyrir aukin hernaðarútgjöld hjá flestum ESB og NATO ríkjum nema með því að færa miklar fórnir í málaflökkum eins og heilbrigðis- og menntamálum. Viðskiptaþvinganir vesturlanda áttu að leggja Rússneska hagkerfið að velli. Það gerðist ekki. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir 3,2 prósent hagvexti í Rússlandi fyrir árið 2024 en aðeins 0,2 prósent hagvexti í Þýskalandi fyrir sama ár. Var Evrópa að refsast sjálfri sér?

Evrópa er eina efnahagsstórveldið sem er háð öðru stórveldi, Bandaríkjunum, í öryggismálum, og Bandaríkin þurfa nú í vaxandi mæli að huga af öðrum heimshlutum, sérstaklega Austur Asíu þar sem spennan vex stöðugt. Bandaríkin mynda varnarbandalög í Asíu eins og AUKUS og Quad og standa fyrir umfangsmiklum heræfingum.

Nancy Pelosi þá forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings heimsótti Taívan árið 2022 sem vakti reiði meðal Kínverskra ráðamanna. Núverandi forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, Mike Johnson, kallaði svo Kína, Rússland og Íran nýlega “the axis of evil.” Svona tali um Kína verður ekki tekið fagnandi í Peking. Og ekki minnkar það spennuna. Hvað gera Kínversk

stjórnvöld nú þegar Bandaríkin eru aðilar af tveimur styrjöldum samtímis, í Evrópu og Mið-Austurlöndum? Sjá þeir tækifæri til aðgerða gagnvart Taívan eða á Suður Kína hafi?

Mið-Austurlönd og sérstaklega Persaflóinn er viðkvæmt svæði fyrir vesturlönd. Þar geysar nú stríð sem þar sem engin lausn er í sjónmáli og ástandið er líklegt að versna á næstunni. Átök eru á Gaza svæðinu og svo nýlega á milli Ísrael og Íran. Átökin munu hafa áhrif í Evrópu, t.d. í hærra olíuverði en svo geta siglingaleiðir lokast o.s.frv. Mörg Evrópuríki virðast ekki treysta sér til að taka skýra afstöðu til ástandsins á Gaza svæðinu.

Þau kerfi sem vestræn lönd komu sér upp með NATO, ESB og svo evrusvæðinu hafa ekki reynst vera sú töfraformúla sem vonast var til að myndi tryggja frið og velsæld í Evrópu. Lýðræði og málfrelsi er á undanhaldi. Þeir sem vilja semja um frið í Evrópu eru kallaðir Pútínistar, þeir sem vilja vopnahlé á Gaza svæðinu eru kallaðir gyðinga hatarar.

Það eru óvissutímar framundan og ný átakasvæði í Evrópu blasa við þar sem stórveldin takast á. Mið-Austurlönd loka í ófriði og allt virðist gert til að magna spennuna í Austur Asíu. Þetta er að mestu afleiðing heimskulegrar stefnu í alþjóðasamskiptum, stefnu leiðtoga landa sem ekki virðast geta sett sig í spor hvers annars og leyst ágreining sinn að siðaðra manna hætti. Í stað þess er grípið til vopna í von um að sprengja sig í gegnum vandann. Staðan á enn eftir að versna og er sennilega enn alvarlegri en við flest getum okkur grein fyrir.